

**NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.
HALDINN Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS
FIMMTUDAGINN 27. MARS 2025 KL. 15:00**

Meðfylgjandi eru niðurstöður fundarins.

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár (dagskrárliðir 1 og 2)

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar voru samþykkt.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2024 (dagskrárliður 3)

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins sem var samþykkt:

Fundurinn samþykkti að félagið greiði hluthöfum arð vegna reikningsársins 2024 sem nemur 13,33 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 2,2 milljörðum króna sem samsvari um 50,0% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur því 28. mars 2025 og arðsréttardagur 31. mars 2025. Lagt er til að útborgunardagur verði þann 29. apríl 2025.

3. Tillaga um endurnýjun heimildar til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að endurnýja heimildina til næstu 18 mánaða.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 5)

Fundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu stjórnar.

Gildandi starfskjarastefnu félagsins má nálgast á vefsíðu aðalfundar 2025 og fjárfestasíðu félagsins.

5. Kosning stjórnar félagsins (dagskrárliður 6)

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í stjórn félagsins:

Guðrún Blöndal
Lárus L. Blöndal
Margrét Guðmundsdóttir
Ólöf Hildur Pálsdóttir
Óskar Magnússon

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í varastjórn félagsins:

Baldvin Þorsteinsson
Stefán Sigurðsson

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar (dagskrárliður 7)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar, sem verða því sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 800.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 600.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 400.000 á mánuði

Varamenn kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 400.000 fyrir hvern mánuð. Þóknun á milli aðalfunda skal að lágmarki nema kr. 400.000

Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd kr. 140.000 á mánuði

Nefndarmenn í starfskjaranefnd kr. 140.000 á mánuði

Nefndarmenn í Tilnefningarnefnd kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

7. Kosning endurskoðenda (dagskrárliður 8)

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, var kjörið endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2025.

8. Tillaga um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 9)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.

Stjórn félagsins hittist í kjölfar aðalfundarins og skipti með sér verkum.

Óskar Magnússon var kosinn stjórnarformaður og Margrét Guðmundsdóttir var kosin varaformaður stjórnar.